

# JÖKLARANNSÓKNAFÉLAG ÍSLANDS

Nr. 103

September 2006

## *Fréttabréf*



*Gunnar Hjaltason*

## HAUSTFERÐ UM HÓFSVAÐ

**13. september ferð Jöklarannsóknarfélagsins í Jökulheima verður farinn 23. - 24. september.**

**Þema ferðarinnar verður Hófsvað og fyrstu Jökulheimaferðirnar.**

## HAUSTFERÐ UM HÓFSVAÐ

13. septemberferð í Jökulheima verður farin 23.-24. september næstkomandi. Lagt verður upp frá Select, Grjóthálsi 8 (neðan við Ölgerðina) kl. 8:30 laugardagsmorguninn 23. september. Þema ferðarinnar verður Hófsvað og fyrstu Jökulheimaferðirnar. Farin verður gamla leiðin um Valahnjúka, yfir Tungnaá á Hófsvaði og inn með Vatnaöldum að Jökulheimum.

Hófsvað er að öllu jöfnu fært traustum 38" fjallabílum og stærri. Þeim sem hafa ekki yfir slíkum tækjum að ráða verður komið fyrir í lausum sætum annarra bíla. Hefðbundin dagskrá verður í Jökulheimum og nágrenni. Um kvöldið verður grillað og kemur hver með sitt á grillið. Á sunnudag verður haldið heim um Veiðivatnahraun og Þórisós. Síðdegisskaffi verður drukkið í Lindarkoti. Þátttökugjald er kr 3500 vegna skálagjalda og olúkostnaðar. Fjöldi þátttakenda er takmarkaður og því um að gera að skrá sig sem fyrst og ekki seinna en 19. september hjá Birni Oddssyni í 869-3432 eða [bjornod@hi.is](mailto:bjornod@hi.is).


## HÓFSVAÐ

Haustið 1950 var gerður út leiðangur til þess að finna vað á Tungnaá fært bílum. Fyrir hópnum fór Guðmundur Jónasson að frumkvæði Sæmundar Ólafssonar og Eggerts Kristjánssonar, sem vildu komast inn í Veiðivötn. Guðmundur lagði til ferðarinnar öflugan vörubíl með drif á öllum hjólum. Þótti sá bíll ófríður og fékk hann nafnið Vatnaljótur. Auk þess voru tveir jeppar með í för, prammi og bátar.

Guðmundur kannaði ána og þóttist finna fært vað austur undir Vatnaöldum. Það var þá athugað betur með gúmbát og fannst fært vað þar sem áin rennur í fimm kvíslum. Þar ók Guðmundur Vatnaljóti yfir að morgni 27. ágúst.

Hófsvað dregur nafn sitt af hnúki einum sem stendur vestan til í vaðinu og ber nafnið Hófurinn. Guðmundur stakk upp á því nafni eftir að samferðarmenn hans lögðu til að það yrði nefnt eftir honum sjálfum. Vaðið opnaði leiðina inn í Veidivötn og Jökulheima og auðveldaði jöklamönnum aðkomu að Vatnajökli. Í framhaldi af því var byggður skáli í Jökulheimum 1955 og helsta leiðin upp á Grímsfjall lá um Jökulheima og upp Tungnárjökul.

Hófsvað lagðist af eftir vorferðina 1968 því ári síðar var komin ný brú við Sigöldu.



Hófsvað á Tungnaá. Ekið var í fyrsta sinn yfir Tungnaá hjá Vatnaöldum í ágúst 1950. Neðan við vaðið að innanverðu stendur allrismikill, hóflaga gígtappi, Hófur, upp úr ánni. Af honum fékk vaðið nafn. Botinn er grýtur hraunhellubotn. All nr. 1 er óverulegur. Nr. 2 stórgrýtur, nokkuð djúpur, en straumlítill. Nr. 3 er dýpsti állinn og erfidastur yfirferðar, einna dýpstur, stórgrýtastur og straumhardastur hjá X, þrætt er hraunbroit. A er djúpur pyttur með sæmilega sléttu og gljáandi vatnsyfirborði. B er sandbleyta í skjóli hólmans, hana var áriðandi að fordást. Neðan við brotið dýpkar snögg. Nr. 4 er stórgrýtur, en þó til muna betri yfirferðar en nr. 3, dýpstur við norðurlandið og er þar álíka djúpur og þar sem dýpst er í nr.

3. Áll nr. 5 er óverulegur. Vaðið var alófært jeppum, nema þegar mjög lítið var í ánni, en þá tókst nokkrum sinnum að komast yfir á þeim hjálparlaust. Þeir voru fluttir yfir á vörubílum, en Weaponar svömluðu yfir, ef fyllsta aðgát var viðhöfð.

Þegar brú var byggð á Tungnaá hjá Sigöldu 1968, lagðist vaðið af. Myndin er skýringarmynd úr Ferðum, blaði Ferðafélags Akureyrar [45], en þar má fá nánari vitneskju um Hófsvað.

Úr bókinni Hálendið heillar sem kom út árið 1975

## VORFERÐ JÖRFÍ 2006 Á VATNAJÖKUL

Fimmtugasta og fjórða vorferð JÖRFÍ lagði upp frá Reykjavík föstudagskvöldið 2. júní og gekk ferðin í Jökulheima án tíðinda. Á laugardeginum var heiður himinn og gæfan brosti við hópnum. Svítu Landsvirkjunar var komið í jökulrönd þar sem snjóbíll HSSR beið átaka dagsins. Kerrur voru hlaðnar eldsneyti og öðrum flutningi og nálægt hádegi héldu vélsleðar til mælinga, að Pálsfjalli og Hamrinum. Lest snjóbíls og jeppa hélt af stað um sama leyti og náði á Grímsfjall undir kvöld. Eftir óvenju kaldan maí-mánuð var vetrarlegt um að litast í Grímsvötnum miðað við undanfarin ár. Sólbráð kringum öskubingi var sáralítill og mikill snjór var ennþá kringum skálana á Eystri Svíahnjúk.



Matartími niðri í Grímsvatnagíg.

Ljósmynd: MTG

Dagarnir liðu hratt að venju. Viðamest af verkefnum leiðangursins voru mælingar á hversu djúpt er niður á gamla berggrunninn undir gígnum sem myndaðist haustið 2004. Til þess voru notaðar skjálftabylgjur sem búnar voru til með sprengingu dynamíthleðslna í lónunum sitt hvoru megin við gígninn. Gúmmíbátur var með í för og var hann notaður til að sökkva hleðslum í vatnið. Verkið var stundum kalsamt enda rigndi töluvert framan af vikunni. Einn dag var hópurinn á Grímsfjalli þar sem veður var óhagstætt til vinnu úti á jöklinum.

Meðal annarra verkefna voru mæling vatnshæðar í Grímsvötnum, athugun á vetrarafkomu í Grímsvötnum, á Háubungu og Bárðarbungu, kortlagning Grímsvatna og Gjálpar með GPS, uppsetning og mæling fjölda ísskriðsstika í Gjálp og Skaftárkötlum og GPS landmælingar í Jökulheimum, Hamrinum og á Grímsfjalli til að kanna kvikusöfnun undir Grímsvötnum. Á Bárðarbungu var sett upp sjálfvirk veðurstöð, á Grímsfjalli regnmælir og þar var einnig unnið að viðhaldi gufurafstöðva. Þá var vitjað um sker í miðjum Skeiðarárjökli sem komið hefur upp á síðustu árum. Er skerið um 20 km suðsudaustur af Grímsfjalli. Það er um 1,5 km á breidd frá austri til vesturs, að mestu úr móbergi og bólstrabergi. Frá skeri þessu liggur röndin sú hin mikla sem skiptir Skeiðarárjökli í tvo ísstrauma. Á skerinu var settur upp nýr GPS landmælingapunktur sem vonast er til að muni á næstu árum gefa upplýsingar um landris vegna þynningar Vatnajökuls.

Á miðvikudeginum kom úr Reykjavík vaskur hópur bormanna undir stjórn Þorsteins Þorsteinssonar jöklafræðings. Tilgangur þeirrar farar var borun með heitu vatni niður í gegnum íshellu Vestari Skaftárketilsins, safna sýnum af vatninu og mæla hita þess og dýpi. Vorferðin tók að sér að flytja búnað bormanna í ketilinn og aðstoða verkefnið eftir mætti. Þó misjafnlega gengi við borunina var árangurinn að lokum glæsilegur. Mun Þorsteinn síðar gera nánari grein fyrir þessu verkefni hér í fréttabréfinu.

Þátttakendur í þessari vorferð voru 24. Til viðbótar var tvennt með fyrri helgina og þrjú urðu samferða Skaftárkatlaförum úr Reykjavík og bættust í hópinn á miðvikudeginum. Auk snjóbíls HSSR voru Ford bíll JÖRFÍ og fleiri bílar með í för auk vélsleða. Þeir komu sér einkar vel síðasta daginn á jökli þegar flytja þurfti gas í skálann í Esjufjöllum. Þangað var farið á þremur sleðum um Hermannaskarð.

Í Jökulheimum var slegið upp veislu föstudagskvöldið 9. júní. Grillmeistarar sýndu sínar bestu hliðar og vetrarrykið var lamið úr pallinum á nýja skála með árlegri danskeppni. Fer engum sögum af úrslitum hennar en ekki er því að neita að orðrómur er á kreiki um að dómgæsla hafi oft verið í betra horfi. Slíkur orðrómur er jafnan tilhæfulaus enda er hann tiltekinn hér eingöngu til að koma þeim sannindum á framfæri.

Laugardaginn 10. júní hélt leiðangurinn til byggða eftir árangursríka og slysalausa ferð. Ánægju vakti að meðalaldur þátttakenda var nú lægri en undanfarin ár. Ungt og kraftmikið fólk fjölmennti í ferðina og heldur sú þróun vonandi áfram á næstu árum. Meðalaldur hefur reyndar sveiflast nokkuð eins og sjá má á meðfylgjandi töflu sem byggð er á vísindalegum útreikningum Þórdísar Högnadóttur.

Vorferð 2006: 42 ár

Vorferð 2005: 44 ár

Vorferð 2004: 50 ár

Vorferð 2003: 47 ár

Vorferð 2002: 42 ár

Vorferð 2001: 46 ár

Magnús Tumi Guðmundsson

## HAUSTFUNDUR JÖRFÍ

Á síðasta aðalfundi var Sveinbjörn Björnsson kjörinn heiðursfélagi Jökларannsóknafélagsins. Haldið verður upp á þetta með Sveinbirni á haustfundinum þann 17. október næstkomandi með afhendingu jöklastjörnu og heiðursskjals. Nánar verður tilkynnt um efni fundarins í fréttabréfi í október.

## SUMARFERÐ Á KÖTLUSLÓÐIR

Sumarferð JÖRFÍ var farin fyrstu helgina í júlí eins og venjur og hefðir kveða á um og var fjölsótt, fróðleg og feykilega skemmtileg. Leiðin lá um Kötluslóðir og voru skoðuð ummerki um forsöguleg hamfarahlaup í Markarfljóti. Fararstjórar voru Magnús Tumi Guðmundsson og Guðrún Larsen en hún hefur rannsakað ummerki eftir Kötlugos í mörg ár. Þátttakendur í ferðinni voru 52 og á öllum aldri, sá yngsti rúmlega árgamall og sá elsti á áttræðisaldri. Flestir mættu á sínum fjallabíl, en þeir sem ekki höfðu yfir slíku tæki að ráða fengu einfaldlega far með hinum, nóg var plássíð.

Jökларannsóknafélagið er greinilega veðurguðum þóknalegt og var hið besta veður alla ferðina, þótt rigndi í grennd. Ekið var austur í Drumbabót í Fljótshlíð, en þar eru að finna afar forvitnilegar leifar af stórum birkiskógi sem hlaup úr Kötlu kaffærði fyrir um 1400 árum. Skoðuð voru ummerki um hamfarahlaup í Markarfljóti, meðal annars í Lausöldu. Sjálfsagt hafa fleiri en undirrituð margoft farið þar framhjá án þess að gera sér grein fyrir hversu merkilega sögu er hægt



Ungir JÖRFÍ félagar skoða leifar af skóginum í Drumbabót. Ljós: VJ

að lesa í malaröldunni. Einnig var ekið um Tröllagjá, að Markarfljótsgljúfrum og Emstrum, undir styrki leiðsögn Guðrúnar og ekki að efa að allir eru stórum fróðari um Kötluhlaup og afleiðingar þeirra. Gist var í Hvanggili og var fólk ýmist í tjaldi eða skála. Daginn eftir var haldið heim um Öldufellsleið með nokkrum góðum og fróðlegum hléum, síðast í miklum helli í Hjørleifshöfða þar sem Guðrún og Magnús Tumi ræddu um Kötlugos og svöruðu spurningum. Var það mál manna að þetta hefði verið ákaflega vel heppnuð sumarferð.

Valgerður Jóhannsdóttir

Útg. JÖRFÍ, Pósthólf 5128, 125 Reykjavík / Ábm. Valgerður Jóhannsdóttir